Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 16. nóvember 2026
MSS26100097

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um aðkomu Reykjavíkurborgar að rekstri Jafnlaunastofu

Á fundi borgarráðs þann 22. október sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstrisins:

Hefur Reykjavíkurborg formlega sagt sig frá rekstri Jafnlaunastofu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. nóvember sl.

Svar við fyrirspurn:

Nei, Reykjavíkurborg hefur ekki sagt sig frá rekstri Jafnlaunastofu sf. Í tengslum við samþykkt borgarráðs þann 17. september sl. um að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð til kjarasamningsgerðar fyrir hönd Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög, þá var jafnframt samþykkt að samhliða flutningi á kjarasamningsumboði verði sameiginlegt eignarhald og ábyrgð á sameignarfélagi aðila, Jafnlaunastofu sf. endurskoðað og er það í vinnslu hjá mannauðs- og starfsumhverfissviði.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Reykjavík